

Samantekt

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Magnús Ingi Jónsson og Nancy Rut Helgadóttir fóru í reglubundið dýravelferðar- og smitvarnaeftirlit hjá Arnarlax þann 4. febrúar 2026.

Siglt var á léttabát út á eldissvæðið Tjaldanes í Arnarfirði með Fannari Frey Ottósyni og Kristian Leander Gillebo Sormo. Kvíasvæðið, prammi og þjónustubátur voru skoðuð auk þess sem athugað var með ástand og velferð fisks. Starfsmenn voru að vinna að undirbúningi slátrunar á meðan á eftirliti stóð auk þess sem nótaþrif voru einnig í gangi. Til stóð að sinna daglegum störfum eins og uppháfun sveimara og fjarlægingu dauðfisks eftir að eftirliti lauk og það eftirlitsatriði því ekki skoðað.

Athugasemd varðandi lyfjageymslu um borð:

Bent er á að lyf skulu geymd á stað þar sem óviðkomandi eða börn hvorki sjá né ná til. Auk þess skal passa að lyf sé ekki í beinni snertingu við sólarljós til lengri tíma, frjóni ekki og hiti fari ekki yfir 25°C. Mælt er með því að öll lyf séu geymd í læsanlegum skáp um borð.

Athugasemd um skráningu lyfjanotkunar um borð

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar óskuðu eftir því að fá að sjá skráningu lyfjanotkunar um borð, sérstaklega hvað varðar svæfilyf. Starfsmenn eftirlitsþega gátu ekki sýnt eftirlitsmönnum fram á þessar skráningar í eftirlitnu.

Þættir er varða skráningu og geymslu lyfja verða því sérstaklega skoðaðir í næsta reglubundna eftirliti.

Frávik	Úrbótafrestur
Dýravelferð- og smitvarnir - Búningsaðstaða og fatnaður	Næsta skoðun
Dýravelferð- og smitvarnir - Þrif um borð í pramma	Næsta skoðun
Dýravelferð- og smitvarnir - Viðbragðsáætlanir	Næsta skoðun

Viðstödd heimsókn Arnarlax hf.
Kennitala viðtakenda 580310-0600
Skoðunarmaður Magnús Ingi Jónsson - Sérfræðingur
Tölvupóstur mast@mast.is

Undirbúningur 1 klst. og 30 mín.
Frágangur 2 klst.
Tímar við úttekt 4 klst.
Akstur 2 klst.

Frávik

Dýravelferð- og smitvarnir
Búningsaðstaða og fatnaður**Frestur til úrbóta: Næsta skoðun**

Starfsmenn Matvælastofnunar óskuðu eftir því að fá að sjá þrífaskráningu á búningsaðstöðu til þess að geta staðfest að þrifaáætlun sé fylgt eftir. Gögn bárust ekki fyrir útgáfu skýrslunnar þrátt fyrir ítrekun þess efnis og þess vegna skráist frávik á þennan þátt.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008.

Frávik

Dýravelferð- og smitvarnir
Þrif um borð í pramma**Frestur til úrbóta: Næsta skoðun**

Starfsmenn Matvælastofnunar óskuðu eftir því að fá að sjá bæði þrifaáætlun og þrífaskráningu um borð í pramma til þess að geta staðfest að þrifaáætlun sé fylgt eftir. Um borð í pramma hékk uppi á vegg skjal með heitinu "Daglegt eftirlit og umhirða um borð í fóðurpramma" en það skjal telst ekki sem þrifaáætlun sem slík. Þar kemur einnig fram að skrá skuli niður á skráningarblöð og kvitta fyrir. Gögn um þrífaskráningu bárust ekki fyrir útgáfu skýrslunnar þrátt fyrir ítrekun þess efnis og þess vegna skráist frávik á þennan þátt.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008.

Frávik

Dýravelferð- og smitvarnir
Viðbragðsáætlanir**Frestur til úrbóta: Næsta skoðun**

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar báðu um að fá að sjá viðbragðsáætlun eða verklagsreglu er varðar tilkynningaskylda sjúkdóma. Eftirlitsmenn fengu að sjá heilbrigðisáætlun dýralækna ásamt viðbragðsáætlun vegna massadauda en hvorugt þeirra skjala telst sem beint viðbragð komi upp tilkynningarskyldur sjúkdómur., Samkvæmt 5. grein laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993 ber eftirlitsþega að hafa verklag eða viðbragðsáætlun sem tekur á því hvernig eftirlitsþegi bregst við þeim aðstæðum ef tilkynningarskyldur sjúkdómur komi upp á eldissvæðinu.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008.

Niðurlag

Þann 04/02/2026 fór fram reglubundin skoðun og var skýrsla send viðtakanda 13/02/2026. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 3 skoðunaratriðum, þar af 0 alvarleg frávik og 3 frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Dýravelferð- og smitvarnir: 14 af 15 skoðunaratriðum voru yfirfarin. Þar af voru 3 frávik og 0 alvarlegt frávik.

Nánari útlistun á skoðunaratriðum má finna í [eftirlitshandbókum](#) Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á [Ísland.is](#).

Lagagrunnur eftirlits

Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

Dýravelferð- og smitvarnir

- | | | |
|------------------------------|--|---------------------------------|
| • Búningsaðstaða og fatnaður | • Aðgengisstýring | • Búnaður um borð í þjónustubát |
| • Þrif um borð í þjónustubát | • Þrif um borð í pramma | • Fóðurgeymsla |
| • Lyfjablandað fóður | • Dagbókarfærslur | • Viðbragðsáætlanir |
| • Heilbrigði fiska | • Starfsleyfi fyrir aukaafurðir dýra ... | • Verklagsreglur |
| • Merkingar (cat2/cat3) | • Meltuvinnsla | |

Eftirfarandi atriði voru ekki skoðuð:

Dýravelferð- og smitvarnir - Dauðfiskaskráning